



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 13. Mars 2024

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 21:35

**Fundinn sátu:** Markús Elvar Pétursson, Gabríel Arthúr Pétursson, Freydís Björnsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Helga Veronica Foldar og Rán Pétursdóttir.

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir

- Fundargerðir frá 27. Febrúar samþykkt.

#### 2. Sumardagskrá

- Markús þarf að boða til fundar með iðkendum og foreldrum til að ákveða í sameiningu æfingadagskránna fyrir sumarið. Að öðru leiti er dagskráin nánast tilbúin.

#### 3. Kynningar og markaðsmál

- Kynningarefni –setja fókus á opnu húsin þar sem áhersla er lögð á að það er frítt og hvenær þau eru og æfingahópana 10-18 ára.
- Þrífrotin þurfa að vera tilbúin fyrir sumardaginn fyrsta. Rán og Freydís eru með það verkefni.
- Hafnarfjarðarbær er með texta á síðunni sinni um sumarnámskeið sem eru í boði og þarf að yfirfara þann texta. Rán er með það verkefni.
- Gabriel stingur upp á að fremsta síðan á heimasíðunni sé dagskráin og þar væri hægt að kynna sér hvern lið – mögulega gagnvirk.
- Hugmynd um að halda kynningakvöld og auglýsa það vel. Þannig kemur fólk inn í klúbbinn án þess að ætla beint út á sjó.
- Rán og Freydís eru áfram með kynningarmálin.

#### 4. Kaup á talstöðvum

- Vantar eina blackbox stöð í stóra gæslubátinn – 394 evrur og 4 handtalstöðvar IC-M37E 168 evrur stk. (HM.213) x 4 á 78 evrur stk. Loftnet á talstöðvar 10.8 evrur stk x 4. Samtaks 1066 evrur. Stjórn samþykkir þetta.

#### 5. Siglinga og grill party (afmælisár)

- Klúbburinn verður 50 ára næsta ári og Markús leggur til að byrja að húa mannskap að klúbbnum fyrir sumardaginn fyrsta með því að halda Siglinga- og grillpartý. Þar sem farið verður út að sigla og verðum með dagskrá fyrir yngri börnin í landi einnig eða gæslubátaferð. Órhallur ætlar að fara á stúfana með að kanna verðið í kjöt og mögulega í hoppukastala fyrir þau yngstu.
- Reyna að halda svo svipað event um miðsumar eða í lok sumars.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

### 6. Starfsmenn og sumarnámskeið

- a. Hafnarfjarðarbær ætlar ekki að borga okkur launin fyrir starfsmennina á 6. Bekkja kynningunum í gegnum vinnuskólann en Kristín vill að við sækjum heldur í aðra sjóði. Markús á að senda henni Fanneyju póst og útskýra hvers vegna við þurfum starfsmenn í þetta sem við höfum ekki þurft áður.
- b. Áður en slíkur póstur er sendur þurfum við að ákveða hvað á að rukka fyrir hverja heimsókn. Stjórn samþykkir að bjóða þeim 2.890 krónur á tímann.

### 7. Farsæld barna

- a. Kynning á Farsældarlögum barna í Kaplakrika og Markús mætti sem fulltrúi Þyts en lögin snúa að því að búa til kerfi sem á að grípa foreldra og börn sem eiga við vandamál að stríða. Eins og staðan er í dag er þetta sett upp sem öfugur píramídi, neðst eru börn með vanda sem þurfa kannski einhverja íhlutun-> síðan eru börn sem þurfa hjálp -> efst eru börn með mjög mikinn vanda sem kosta kerfið svakalega mikið og skilar oft litlum árangri. Markmiðið er að snúa pýramídanum við, þannig að mesti fókusinn og fjármagnið fara í fyrsta lagið en ekki eins og núna þar sem mesti kostnaðurinn fer í efsta lagið. Íþróttastarf getur verið úrræði á leveli 1 og 2.

### 8. Önnur mál

- a. Þórhallur bendir á það glymur svakalega í salnum okkar. Stjórn ræðir tillögur um hvernig megi dempa hljóðið. Þórhallur ætlar að skoða þetta með Markúsi.